

Reglur um umgengni vegna framkvæmda í Sveitarfélaginu Vogum

1. Framkvæmdaaðilum er óheimilt að nota götur, gangstéttar eða opin svæði undir byggingarefni, jarðvegsúrgang eða fyllingarefni.
2. Lóðarhafa ber að sjá til þess að byggingarefni hindri ekki umferð gangandi og/eða akandi vegfarenda fram hjá viðkomandi lóð.
3. Berist jarðvegur á götu eða gangstétt er það á ábyrgð framkvæmdaaðila að hann sé fjarlægður.
4. Jarðvegsúrgang er heimilt að losa á fyrirfram merkta jarðvegslosunarstaði. Losun skal vera í samráði við forstöðumann tæknisviðs eða verkstjóra umhverfisdeildar.
5. Heimilt er að beita lóðarhafa og/eða verktaka dagsektum við brotum á þessum reglum eða láta gera úrbætur á hans kostnað að ákveðnum fresti liðnum.
6. Forstöðumanni tæknisviðs er heimilt að veita skriflegar undanþágur frá reglunum.
7. Að öðru leyti er vísað í byggingareglugerð (nr. 441/1998), einkum 56. grein um byggingavinnustaði, 68. grein um gróður og frágang lóða og 210. grein um aðferðir til að knýja fram úrbætur.
8. Reglur þessar skulu afhentar lóðarhafa við afgreiðslu byggingarleyfis.

Samþykkt í bæjarstjórn þann 19. desember 2006.